


Fjallabyggð



Menningarmál

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012 – STARFSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2012

Menningarmál – Greinargerð

Framtíðarsýn menningarmála í Fjallabyggð

Í Fjallabyggð er auðug og metnaðarfull menningarstarfsemi sem byggð er á góðu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Allir íbúar eiga kost á að njóta menningarlífs og eru virkir þátttakendur í menningarstarfi. Menning gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífi sveitarfélagsins og er mikilvæg fyrir aðdráttarafl þess til búsetu og fyrir ímynd sveitarfélagsins. Aðstaða fyrir menningarstarfsemi er til fyrirmyndar og góð skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun menningararfs. Lögð er áhersla á fagmennsku og skapandi, lifandi listastarfsemi. Hlúð er að menningu sem fyrir er og góðar forsendur eru fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.

Hlutverk sveitarfélagsins samkvæmt menningarstefnu Fjallabyggðar

Fjallabyggð stefnir að því að verða leiðandi aðili í menningarstarfi í sveitarfélaginu með stuðningi og hvatningu til þeirra sem starfa að menningarmálum. Sveitarfélagið ætlar að tryggja nægilegt fjármagn til málaflokksins til að framfylgja stefnu þessari og mun stuðla að góðri nýtingu þeirra fjármuna.

Sparnaðarleiðir

Menningarnefnd leggur til;

- Að liðurinn „Jól og áramót“ færist að mestu á liðinn „Umhverfismál“.
- Að skorið verður niður af liðnum menningarstyrkir um rúma 1 milljón króna.
- Að gætt verði hagræðingar í rekstri Tjarnarborgar.
- Að beðið verði með að kaupa tækjabúnað á héraðsskjalasafnið.
- Að skorið verði niður um 100.000 kr. á liðnum „Tímarit og blöð“ á Bókasafn Fjallabyggðar.

Framtíðaróskir

1. Mikilvægt er að koma Náttúrugripasafni Fjallabyggðar í framtíðarhúsnæði á fyrstu hæð sem er nægjanlega stórt til að hýsa alla þá náttúrumuni sem til eru í sveitarfélaginu.
2. Gera þarf ráð fyrir fastráðnum starfsmanni í 50% starf á Náttúrugripasafnið og fara eftir safnalögum og reglugerðum.
3. 2012-2014 þarf að gera ráð fyrir fjármagni til þess að láta gera við listaverk sem eru skemmd og eru í eigu Fjallabyggðar.
4. Listaverkæign Fjallabyggðar þarf að komast í framtíðarhúsnæði svo hægt sé að koma verkunum fyrir og halda sýningar.
5. Sækja þarf styrki í stóra menningarsjóði vegna Náttúrugripasafns og Listasafns.
6. Þegar söfnin í eigu Fjallabyggðar eru komin í framtíðarhúsnæði þarf að fara í markaðssetningu á söfnum í eigu Fjallabyggðar og skapa nýja afþreyingu fyrir ferðamenn.
7. Finna þarf bókasafninu í Ólafsfirði nýtt húsnæði.
8. Halda þarf áfram að byggja upp bókasafnið á Siglufirði og Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar og koma söfnunum í viðunandi horf.
9. Gera þarf Tjarnarborg að lifandi og metnaðarfullri stofnun.
10. Skoða þarf kaup á færanlegu sviði til að setja upp fyrir Síldarævintýrið og fleiri skemmtanir og minnka þannig mikinn, árlegan kostnað við að setja sviðið upp og taka það niður.

Fjárhagsáætlun

1. Tillaga menningarnefndar að fjárhagsáætlun 2012 – menningarmál er tæpum 2 milljónum hærrí en úthlutaður rammi. Skýringar má helst finna í því að gert er ráð fyrir 900.000 kr. til að gera við hluta listaverka sem eru skemmd og ekki er hægt að setja inn styrk til náttúrugripasafnsins fyrir árið 2012 þar sem svar frá fjárlaganefnd Alþingis liggur ekki fyrir.
2. Gera þarf ráð fyrir breyttum rekstri Tjarnarborgar og að sveitarfélagið hætti með veitingaleyfi.
3. Leiga eignarsjóðs lækkar á Tjarnarborg um tæpar tvær milljónir vegna flutnings tónskólans inn í Tjarnarborg frá 1. ágúst 2012. Einnig lækkar rafmagns og hitakostnaður vegna breytinganna um rúmar 200.000 kr.
4. Gert er ráð fyrir starfsmanni á Bóka- og héraðsskjalasafni Fjallabyggðar. Starfsmaðurinn verður í 100% starfi fyrstu 6 mánuði ársins sem sveitarfélagið greiðir á móti Atvinnumálastofnun og seinni 6 mánuði ársins verði starfsmaður í 50% stöðu sem sveitarfélagið greiðir að fullu.

Menningarstyrkir - úthlutun fyrir 2012:

Sjómannadagsráð	kr.	400.000
Sjálfsbjörg		100.000
Kvennasmiðjan		50.000
Arnfinna Björnsdóttir		80.000
Norræna félagið Siglufirði		100.000
Félag um ljóðasetur Íslands		200.000
Ungmennafélagið Glói		100.000
Leikfélag Ólafsfjarðar		300.000
Kirkjukór Siglufjarðar		100.000
Kirkjukór Ólafsfjarðar		100.000
Karlakór Siglufjarðar		150.000
Félag eldri borgara á Sigl. og Fljótum		100.000
Eldri borgara kórinn í Ólafsfirði		100.000
Berjadagar, tónlistarhátíð		500.000
Jassklúbbur Ólafsfjarðar, blús hátíð		650.000
Þjóðlagahátíðin, tónlistarhátíð		900.000
Þjóðlagasetrið		900.000
Hannes / árbók Ólafsfjarðar		200.000

Menningarmál

Sigurður Ægisson, mannlífssíða	50.000
Gospelkór Fjallabyggðar	150.000
Bæjarlistamaður	150.000
Þjóðlist	100.000
Hljóðsmárinn / Tröllli	80.000
Alls	5.560.000

Aðrir greiðslur vegna vinnuframlags um jól og áramót:

Knattspyrnufélag Fjallabyggðar	kr. 70.000
Knattspyrnufélag Fjallabyggðar	265.000
Knattspyrnufélag Fjallabyggðar	150.000
Kiwanisklúbburinn Súlur	150.000
Björgunarsveitin Strákar	150.000
Björgunarsveitin Tindur	150.000
Skíðafélag Siglufjarðar	150.000
Kiwanisklúbburinn Skjöldur	150.000
(þarf að semja um jólasveina í Ól. 2011)	60.000
Alls	1.295.000

Fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar